

Flóahreppur
Þingborg
801 SELFOSS

Garðabær, 9. febrúar 2024
Málsnúmer: 202401-0075
BK/IAS

Efni: Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Bitru

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 19. janúar 2024, þar sem Flóahreppur óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Bitru (L200842). Innan landsins eru 22 ha skilgreindir sem landbúnaðarland og um 13 ha sem verslun og þjónusta. Á landbúnaðarsvæðinu er gert ráð fyrir fjórum landbúnaðarlóðum þar sem heimilt verður að reisa íbúðarhús og ýmis aukahús. Þá ert gert ráð fyrir fjórum verslunar- og þjónustulóðum þar sem heimilt verður að reisa um 100 herbergja hótél og 30 smáhúsaeyningar, hvert að grunnfleti um 70 m².

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér tillöguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Samkvæmt vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar (<https://vistgerdakort.ni.is/>) einkennist skipulagssvæðið af mosamóavist en af loftmyndum að dæma virðist þó einnig vera lítilsháttar votlendi innan svæðisins. Svæðið er lítt raskað og stendur á Þjórsárhrauni sem er metið einstakt á landsvísu, jafnvel á heimsvísu sem eitt mesta hraun jarðar runnið eftir ísöld.

Hraunið hefur hátt vísindagildi og nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Víða er hraunið þakið jarðvegi og gróðri eða yngri hraunum og þess vegna eru ekki margir staðir á Suðurlandi þar sem yfirborð Þjórsárhraunsins er eins greinilegt og það er undir sunnan- og austanverðu Hestfjalli. Vegna sérstöðu Þjórsárhrauns telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að varðveita yfirborð hraunsins eins og kostur er á þeim svæðum þar sem það er óraskað.

Þá eru mjög áberandi jarðskjálftasprungur um 200 m austan við fornminjarnar og þá í norðvestur jaðri skipulagssvæðisins sem verður að taka tillit til áður en uppbygging hefst.

Náttúrufræðistofnun vill hvetja til þess að öllu raski verði haldið í lágmarki og að leitast verði við að hlífa hrauni og votlendisblettum innan svæðisins.

Virðingarfyllt,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

